



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 18. mars 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:12 - 21:02.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Laufey Ólafsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Viggó K. Jóhannsson. Hjalti Hrafn Hafþórsson, Katrín Baldursdóttir og Rán Reynisdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Sósíalístaþing 6. apríl í BíoParadís, framhald frá síðasta fundi:

- Dagskrá, þjónustunefnd, blær og tilgangur:
- Aðalfundur; lagabreytingar, breytingar á skipulagi flokksins, skýrsla stjórnar, kosningar í stjórnir, samþykktir málefnaþingar
- Framlag málefnaþingar og félagastjórnar, Samvisku og kjörnefndar, verkalýðsráðs og Maístjórn
- Sérfundir: Ungir sósíalistar, sósíalísk námsmannahreyfing, sósíalískir femínistar, meistaradeild sósíalista o.fl. Gul vesti?
- Málstofur: Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar, Sósíalísminn er mannúðarþing, Sósíalísminn sem einfalt áhald
- Rautt kver um flokkinn (sjá status)

Umræðum um dagskrá haldið áfram. Meðal þess sem fram kom var að þjónustunefnd þingsins hefur fundað með fulltrúa Bío Paradísar, Samviska og kjörnefnd verða með opna fundi en ekki sérstaka dagskrá, ungir sósíalistar og sósíalísk námsmannahreyfing verða saman með sín innlegg og að Bogi Reynisson er að skoða upptöku- og útsendingarmál.

Rætt um drög að Rauðu kveri sem sett voru fram í Facebook-hóp framkvæmdastjórnar. Jóhann Helgi Heiðdal og Gunnar Smári ætla að setja saman textann og draga saman það sem rætt hefur verið um þessi atriði í framkvæmdastjórn.

3. Verkefni stjórnarmanna; Við hvaða verkefni vilja stjórnarmenn starfa? Vill fólk sitja áfram í stjórn?

Hjalti Hrafn sækist ekki eftir áframhaldandi setu í stjórn eftir Sósíalistaping.

4. Baráttusjóður alþýðunnar. Möguleg kaup á mótmæla-dóti (hljóðkerfi, tjald o.fl.)

Bogi Reynisson hefur aflað tilboðs í hljóðkerfi og tjald, samanlagt 750.000 kr. Ákveðið var að kanna tilboðið betur með það fyrir augum að Maístjarnan gæti keypt þetta.

5. Maístjarnan

Maístjarnan ætlar að borga leigu fyrir fund Leigjendasamtakanna bókaðan 30. mars og síðan fyrir fundi samtakanna síðasta laugardag í hverjum mánuði.

Hugmynd kom fram um að Maístjarnan haldi ýmiss námskeið í því sem þarf til að stofna og reka hagsmunabaráttu.

Sanna stakk upp á að Maístjarnan gæti hvatt til stofnunar félags skuldara.

6. Fjárhagur flokks og Maístjórn, staða á reikningum

Flokkurinn: 251.343 kr., Maístjarnan: 1.710.659 kr.

7. Önnur mál

Tillaga að samskiptareglum fyrir umræðuhóp sósíalista á Facebook, sem lögð var fram í Facebook-hópi framkvæmdastjórnar fyrir í mánuðinum var samþykkt.

Sanna fékk sent erindi frá Samstarfshópi friðarhreyfinga þar sem Sósíalistaflokkurinn er hvattur til að senda inn umsögn til stuðnings þingsályktunartillögu þess efnis að Ísland skrifri undir Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

Fram kom á fundinum að framkvæmdastjórn hefur ekki umboð til að taka afstöðu til svona mála. Þau þarf að bera upp á félagafundi, en fyrst þyrfti að vera búið að móta stefnu um málefnið.

Fundi slitið.